

### **120. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins , haldinn þann 7. mars 2018 að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl 11:30.**

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Framkvæmdir við háspennulínur.**

Lagt fram bréf fulltrúa VG í heilbrigðisnefnd Reykjavíkur dagsett 25. febrúar 2018.

##### **Bókun:**

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hefur farið yfir öll gögn máls, er varða fyrirhugaða framkvæmd um Lyklafellslínu 1 (Sandskeiðslínu 1). Jafnframt hafa ákvæði samþykktar nr. 555/2015 um verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu sem og greinargerð með henni verið skoðuð m.t.t. Lyklafellslínu. Í samþykktinni eru ákvæði sbr. gr. 70. og 71. sem eru tilkomnar vegna framkvæmda sem voru áður samþykkt í svæðis- og aðalskipulagi, þ.e. bygging Lyklafellslínu og niðurrif Hamraneslínu. Önnur ákvæði núgildandi samþykktar um takmarkanir eða heimildir til nýframkvæmda á vatnsverndarsvæðinu eiga því ekki við og eru ekki afturvirkar. Þau taka hins vegar til framkvæmda, sem ekki hafa þegar verið samþykktar í skipulagi. Samþykkt nr. 555/2015 er ekki afturvirk og á við nýframkvæmdir. Ekkert hefur komið fram á þessu stigi sem bendir til annars en að áhætta við ofangreindar tvær framkvæmdir sé ásættanleg miðað við áhættumat, rýningu áhættumats og framlagðar áætlanir um mótvægisáðgerðir. Hlutverk framkvæmastjórnar um vatnsvernd er fyrst og fremst að vara tengiliður heilbrigðisnefnda um samræmt eftirlit og gerð viðbragðsáætlana. Heilbrigðisnefndirnar eru með sitt lögbundna hlutverk og vinnur framkvæmdastjórnin í umboði þeirra.

Framkvæmdastjórn bendir á fyrri álit sín um að meta þarf vatnsverndarsvæðið og framkvæmdir innan þess, heildstætt m.t.t. umhverfismats. Að því tilefni mun Framkvæmdastjórn beina því til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að gert yfirlit og kortlagðar allar framkvæmdir sem heimilaðar hafa verið á svæðinu í dag og þær sem fyrirhugaðar eru auk allrar starfsemi sem er fyrir á svæðinu eða fyrirhuguð og áhættan metin heildstætt vegna vatnsverndarinnar. Einnig mun framkvæmdastjórn beina því til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu að metið verði umfang og áhrif umferðar innan vatnsverndarsvæðisins.

##### **2. Lagning háspennulínu og ljósleiðarastrengs í Bláfjöllum.**

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 27. febrúar 2018 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þar sem óskað er umsagnar um framkvæmdina.

Lögð fram skýrsla Mannvits Fyrirspurn um matsskyldu Lagning háspennustrengs og ljósleiðara að skíðaskála í Kóngsgili í Bláfjöllum dags. febrúar 2018.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Bókun:

Framkvæmdastjórn mun fara fram á við heilbrigðiseftirlitin á höfuðborgarsvæðinu að fenginn verði lengri frestur til umsagnar og að framkvæmdaaðili haldi kynningarfund um málið.

### 3. Aukin vinnsla Veitna í Vatnsendakrikum.

Lögð fram skýrsla Mannvits *Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum drög að tillögu að matsáætlun* dags. febrúar 2018.

Bókun:

Framkvæmdastjórnin mun taka málið upp á síðari stigum.

### 4. Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll

Lögð fram skýrsla Mannvits *Uppbygging aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll – Áhættumat gagnvart vatnsvernd* dags. desember 2017 og greinargerð starfshóps Kópavogsbæjar *Áhættumat vegna starfsemi á skíðasvæði í Bláfjöllum og fyrirhugaðar starfsemi við Þríhnúkagíg gagnvart vatnsvernd og grunnvatnsmálum* dags. febrúar 2018.

Bókun:

Framkvæmdastjórn tekur undir með starfshópi Kópavogsbæjar að tryggja þarf umferðaröryggi og mengunarvarnir á vegum og svæðinu áður en en að frekari uppbygging er fyrirhuguð.

### 5. Önnur mál

Fréttatilkynning Veitna dags. 9. febrúar 2018 um örplast í neysluvatni lögð fram.

Fundi slitið kl 13.05.